

# Árþing HSP haldið í Sólvangi Tjörnesi laugardaginn 13. mars

1. **Þingsetning.** Arnór Benónýsson formaður HSP biður fólk velkomið og setti þingið. Fagnaði fjölmennu þingi og sagði okkur ræða málin til lausnar.

2. **Skipun starfsmanna:** Skipaðir voru eftirfarandi:

Þingforsetar: Haraldur Bóasson  
Linda Margrét Baldursdóttir  
Ritarar: Svandís Sverrisdóttir  
Kolbrún Ívarsdóttir

Skipun kjörbréfanefndar: Arnór Erlingsson

Árni Garðar Helgason

Ágústa Ágústsdóttir

3. Haraldur bað kjörnefnd að taka til starfa.

4. Sjá skýrslu stjórnar. Erfitt er að sækja fjármagn til sveitarfélaganna. Það er góð staða nú til þriggja ára. Einbeinum okkur nú að skemmtilegra starfi. Sveitarfélög sameinast á nætu árum niður í 17. Stórt svæði veldur því að við þurfum að vinna saman á breyttum forsendum. Arnór hvetur fundarmenn að finna lausn á starfsemi og skipan ráðanna. Arnór hefur verið formaður í 5 ár og gefur ekki kost á sér áfram en hann hefur verið viðloðandi sambandið síðan 1975. Mikið hefur verið að gera á þessum 5 árum s.s. Landsmót, sameining sambandanna, fjárhagsörðuleikar, akstursjóður Alcoa. Mikilvægt að aksturssjóður lifi, því það er mikilvægt að allir hafi jafnan aðgang fyrir íþróttaiðkun á öllu svæðinu.

## Skýrsla stjórnar

Árið 2009 fór mikið af orku og tíma starfsmans og formans í að ganga frá samningum við sveitarfélögin á sambandssvæðinu um fjárframlag þeirra til HSP. Því svo óheppilega vildi til að sama ár og samböndin sameinuðust var starfsemi Héraðsnefndar Þingeyinga lögð niður en í gegnum hana höfðu þessar fjárveitingar runnið í áratugi. En nú er þessum samningum að mestu lokið þannig að rekstrargrundvöllur sambandsins á að vera tryggður a.m.k. næstu þrjú árin. Því er ekki að leyna að þetta fjármálavafstur hefur sett sinn svip á starf sambandsins undanfarin ár og hægði mjög á sameiningarferlinu þar sem sú orka sem annars hefði átt að fara í að móta stefnu til framtíðar fór í slagsmál við dráttarvexti og yfirdrátt. Mikilvægt er að forðast að lenda í þeim drullupytti

aftur. Og nú er lag fyrir viðtakandi stjórnarmenn og aðra þá sem í hreifingunni starfa á héraðsvísu að gefa sér tíma til að móta hið félagslega starf.

Á síðasta ársþingi var samþykkt tillaga um að stjórnin stæði fyrir formannafundi til að ræða framtíð og starfsramma sérgreinaráða sambandsins. Skemmst er frá því að greina að þetta gerði stjórnin ekki og skal hér beðist afsökunar á því. Hinsvegar tók stjórnarmaðurinn Svandís Sverrisdóttir að sér að kynna sér þessi mál og lagði síðan tillögur sínar fyrir stjórnarfund sem yfirför þær og gerði að sínum voru þær sendar út til formanna félaga í aðdraganda þessa þings og eru í raun eitt megin umfjöllunarefni þingsins. Mikilvægt er að fólk gefi sér góðan tíma til að skoða þessi mál og kannski er hér frekar um að ræða ferli en eina lokaákvörðun. Er það von mín að um skipan þessarra mála geti náðst sátt sem auðveldar þeim sem starfa að málenfnum sambandsins vinnuna.

Gunnar Sigfússon og Soffía Björnsdóttir tóku að sér að fara yfir lög sambandsins með tilliti til breytinga á þeim og lögðu breytingartillögur sínar fyrir stjórn sem samþykkti að leggja þær fyrir þetta þing og voru þær sendar út til formanna með lögboðnum fyrirvara.

Á formannafundi á Laugum 28. júní var samþykkt tillaga að merki félagsins og í framhaldinu var gerður fáni sem skartar þessu merki og var hann fyrst notaður opinberlega á landsmóti UMFÍ á Akureyri. Höfundur merkisins er Símon Sverrisson. Á þessum sama fundi kom fram að lítil stemmning væri á sambandsvæðinu fyrir þessu landsmóti en aftur góð fyrir unglingalandsmótinu á Sauðárkróki. Skildust menn með heitstrengingum um að reyna nú að blása lífi í félagsmenn og hvetja þá til þátttöku. Má segja að það hafi tekist nokkuð vel hvað keppnina varðar en athygli vakti og óánægju í héraði hversu fámennt lið okkar var í skruðgöngunni við setningarathöfnina. Hvað veldur er ekki gott að segja en efalaust hefðum við í stjórninni getað staðið betur að undirbúningi en eftir stendur að áhuginn var mjög af skornum skammti. Í framtíðinni er vert að velta fyrir sér hvernig þátttaka í landsmóti getur verið lifandi þáttur í starfi sambandsins en ekki bara átaksverkefni á fjögurra ára frest. Unglingalandsmótin aftur á móti hafa unnið sér tryggan sess hjá sambandinu og þátttaka í þeim jafan verið góð og var mótið á Sauðárkróki á liðnu ári þar engin undantekning.

Akstursjóður HSP starfaði vel á árinu ef horft er til greiðslu styrkja úr sjóðnum. Hins vegar er erfiðar með að útvega fjármagn í sjóðinn og má þar fyrst og fremst um kenna efnahagsástandinu í þjóðfélaginu. Ekki þar fyrir að enn eru til peningar í sjóðnum en við verðum að horfa lengra fram í tímann. Það hefur verið ánægjulegt að koma þessu verkefni á koppinn og sjá hversu vel það er nýtt en þó er ástæða að hvetja íbúa héraðsins til að nýta sér þá möguleika sem þarna bjóðast og vert að minna á að þetta er sjóður sem styrkir akstur til þátttöku ungmenna í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Eitt af stóru verkefnum sem bíður viðtakandi stjórnar er að tryggja rekstur þessa sjóðs sem tvímælalaust hefur sannað gildi sitt. Ég vil þakka þeim stjórnarkonum Sif Jóhannesdóttur, Jóhönnu Kristjánsdóttur og Vilborgu Stefánsdóttur fyrir frábært starf við sjóðinn.

Nú má segja að frumbersku Héraðssambands Þingeyinga sé lokið og komið að proskaárunum. Og eins og fyrr var sagt á nú að vera svigrúm til að einbeita sér að því að móta starf

sambandsins svo það megi nýtast sem best ungmenna- og íþróttastarfi í héraði. Þar þurfa margir að leggja hönd á plóg ef vel á til að takast og reynsla mín segir mér að þar sé mikilvægast að ná góðu samstarfi við foreldra. Í þeirri vinnu er líka nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að sambandssvæðið nær yfir rúm 18% af flatarmáli landsins en er ekki að sama skapi þéttbýlt. En verkefnið er spennandi.

Nú er komið að tímamótum, ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér til að gegna áfram formansstöðu hjá sambandinu. Þegar ég tók að mér þetta starf fyrir fimm árum var það hugsað til skamms tíma, fyrst og fremst til að leiða starfið í gegnum Unglingalandsmótið á Laugum 2006. En sem sagt nú er 2010 og mikið vatn hefur runnið til sjávar. Við höfum sameinað UNP og HSP, Akstursjóður HSP hefur orðið að veruleika, höfuðstöðvar sambandsins verið fluttar til Húsavíkur og samstarf hafið við Völsung um rekstur skrifstofu, svo fátt eitt sé tínt til. Okkur hefur greint á um ýmislegt en borið gæfu til að halda starfinu gangandi og virku. Ágreiningur er ágætur til að skerpa stefnuna en mikilvægt er að hann verði aldrei tilgangur í sjálfum sér.

Ég vil að lokum þakka öllum sem ég hef átt samstarf við á síðast liðnum 5 árum kærlega fyrir samstarfið. Gildir það um þá sem setið hafa í stjórn með mér, formenn félaga og ráða, starfsmenn, styrktaraðila, jafnt einstaklinga, sveitarfélög sem og fyrirtæki. Eins vil ég sérstaklega þakka stjórnarmönnum og starfsmönnum ÍSÍ og UMFÍ fyrir frábært samstarf. Þá vil ég þakka Sveini Aðalsteinssyni núverandi starfsmanni Völsungs og HSP sérstaklega fyrir gott starf á umbrotatímum.

Að lokum skal vitnað í gamla konu og Halldór Laxnes:

Nefndu nafn mitt ef þér liggur lítið við.

Arnór Benónýsson

5. Arnór Erlingsson greindi frá kjörbréfum. Aðaldarfélög eru 28, 20 mætt, vantar 8. Fulltrúar 40.
6. Reikningar félagsins. Rósa Backmann lagði fram ársreikninga HSP og aksturssjóðs. Nýtt í ársskýrslu HSP, afskriftir í fyrsta skiptið, íþróttavöllur og stangastökksbúnaður.

Umræður um reikninga: Árni Garðar Helgason kom með fyrirspurn á eignarfærslu til Þingeyjarsveitar. Arnar svaraði: Völlurinn hefur verið eignfærður upp á 1.115þús í mörg ár. Það fundust ekki þinglýsingar fyrir vellinum, eina sem fannst var skjal frá..... 192... um að "mætti leika sér í lautinni". Þingeyjarsveit á þessi mannvirki nú og sér um viðhald hans, því var þinglýst í síðustu viku. Hann rekur völlinn en ákvæði er um að HSP hafi frjálsum aðgang. Sparisjóður S.Þing styrkti HSP kaup á stangarstökkbúnaði á sínum tíma upp á 2millj. Þingeyjarsveit greiðir nú HSP 900þús fyrir og er hann á þeirra ábyrgð s.s. hýsing og viðhald.

Haraldur Bóasson kom með ábendingu um hvernig ráðin reki sig og hvernig þá HSP rekur sig. Skynsamlegt að reikningar séu sýnilegir frá deildunum. Áhyggjuefni sé að ekki sé hægt að reka nema ½ starfsstöð innan HSP.

Björn Ármann Ólafsson gjaldkeri UMFÍ ræddi nýja uppsetningur reikninga hjá UMFÍ. Þeir eru að fara meira út í uppsetningur líkt og sveitarfélög gera hjá sér. Leggur áherslu á að sveitarfélög séu meðvituð um skildu sína að styrkja íþróttastarf hvers konar og mikilvægt að gera þeim grein fyrir því. Ósáttur við þá kvöð félaga að þurfa að fjármagna mótframlag Alcoa í aksturssjóð. Það reynist nú mjög erfitt á þessum tímum.

Sveinn Aðalsteinsson bennti á að verið sé að endurskipuleggja samstarf Alcoa og HSP við Kristján Halldórsson sem er starfsmaður Alcoa á Húsavík.

Ársreikningar samþykktir samhljóða.

7. Inntaka nýrra félaga. Sveinn bar upp erindi Hestamannafélagsins Snæfaxes sem óskar eftir inngöngu í HSP. Ólafur Ingólfsson kom með athugasemd með að félög gætu verið að sækja um inngöngu á þeim forsendum að fá úthlutað úr Lottósjóði, það væri eini tilgangur félagsins. En Arnór svarið því til að félög sæktu fyrst og fremst um til að fá löglegann keppnisrétt og hversu ánægjulegt væri fyrir iðkendur að vera með á landsvísu.

Inngangan samþykkt samhljóða með fyrirvara um samþykki ÍSÍ.

8. Skipað í nefndir: Laganefnd, formaður Halldóra Gunnarsdóttir. Íþróttanefnd, formaður Gunnar Sigfússon. Fjárhagsnefnd, formaður Jóhanna Sigr.Kristjánsdóttir.

9. Ávarp gesta:

- a. Björn Ármann frá UMFÍ kom frá Egilsstöðum ásamt konu sinni sér til halds og trausts. Bar hann kveðjur stjórnar og starfsfólks UMFÍ til þingsins. Hann sagði frá að UMFÍ væri að flytja í Sigtún 42 sem þeir voru að kaupa. Fjárhagsstaða þeirra er nokkuð góð og töðuðu litlu sem engu í "hruninu". Starfs nefnda er í góðum farvegi. Ráðstefna fyrirhuguð 7.-9. apríl að Laugum í Sælingsdal með yfirskriftinni "Líðræði og ungt fólk". Unglands mót verður í Borgarnesi næstu verslunarmannahelgi þar sem Grundarfjörður réð ekki við að klára þau mannvirki sem til þarf. Hvetur félaga til að vera í góðum tengslum við sambandið og vera dugleg að sækja í þá sjóði sem til eru. Heiðraðir voru tveir félagar fyrir vel unnin störf, Starfsmerki UMFÍ. Hermann Aðalsteinsson, skákfélaginu Goðanum og Linda Baldursdóttir formaður Völsungs, fyrir óeigingjarnt starf í þágu skákíþróttarinnar og annarra íþróttar.
- b. Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ kom frá Akureyri og flutti kveðjur frá stjórn og starfsfólki ÍSÍ. Hann kom inn á nokkur verkefni. Áherslur í lyfjamálum: Þarft að þekkja reglur um lyf, íþróttamenn eru skuldbundnir til að fara í lyfjapróf. Hann sagði að Örvar Ólafsson getur svarað öllum spurningum um þessi mál. Þjálfaramál: mikilvægt að hafa vel menntaða þjálfara. Það hefur verið góð þátttaka í fjarnámi. Norðmenn taka okkur til fyrirmyndar í þessum málum. Fyrirmyndarfélög: Talaði um mikilvægt gildi þessa. Þau félög sem eru fyrirmyndarfélög halda sínu starfi frekar á lofti því það kæmu svo jákvæð

viðbrögð frá samfélaginu. Ferlið tekur 4 ár að verða fyrirmyndarfélag. Almenningsvið: Lífshlaupið heldur áfram hjá einstaklingum til 2. febrúrar á næsta ári en fyrirtækjakeppni er lokið sem stóð bara í einn mánuð. Hvetur menn til að skila starfsskýrslum á réttum tíma. Forvarnardagur: Ólafur Ragnar Grímsson, vermdari verkefnisins. 9. bekkingar eru þátttakendur í þessu verkefni og svöruðu spurningunni: Hvers vegna tekur þú þátt í íþróttum og tómstundarstörfum. Svör voru t.d. félagsskapur, vinir, gott form, hreyfing, eitthvað að gera og kynnast öðrum. Gefið út í skírsluformi. Félagafundur fjölgreinafélaga: Íþróttafélög á Norðurlandi sóttu hann og hann taldi það þarfapung. Ný félög: Kom með tillögu að ný félög þyrftu að sanna tilveru sína og starf í ca 2 – 3 ár áður en styrkir eru veittir. Hann endaði svo á hefðbundinn hátt með vísum: Við erfiði sem andans þrjál, mun oft í stoðum hrikta. Við áfram leiðum öll þau mál að endingu til likta. Arnóri biðu örlög grimm, eftir fyrsta vetur. Árin reyndar urðu fimm og einhverjum tugum betur.

- c. ÍSí sæmndi 2 aðila gullmerki. Þ.e. Arnór Benónýsson og Önnu Rúnu Mikaelisdóttur fyrir frábær störf.
- d. Linda Baldursdóttir, formaður Völsungs kom í pontu og þakkaði fyrir sig og sagði að gott væri að fá klapp á bakið í óeigingjörnu starfi. Stefnumótunarvinna er í gangi hjá Völsungi þar sem væri verið að vinna að gerð handbóka fyrir þjálfara, foreldra og stjórnendur félagsins. Til umhugsunar hvernig komið væri fram við börn og unglinga sem væru oft á tíðum viðkvæmir og uppteknir af sjálfs síns ímynd og mikilvægi þess að vel væri tekið á móti nýjum krökkum á æfingum.
- e. Arnór Benónýsson kom í pontu og þakkaði fyrir sig. Fram til sigurs. Vinnum saman að einurð.

Kaffihlé.

10. Hermann aðalsteinsson kom með tillögur frá laganefnd. Þær eru eftirfarandi:

## **Tillaga að Lögum**

### **Héraðssambands Þingeyinga**

1. grein

Sambandið heitir Héraðssamband Þingeyinga, skammstafað HSB.

2. grein

Tilgangur sambandsins er að efla samhug og samvinnu æskulýðsins í Þingeyjarsýslum og stuðla að fjölbreyttu íþróttá- og félagsmálastarfi aðildarfélaganna og vera málssvari félaganna út á við. HSP skal starfa samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ.

### 3. grein

Sambandssvæðið nær yfir sveitarfélögin frá Langanesbyggð í austri til Grýtubakkahrepps í vestri. Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll Ungmenna- og Íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við stefnuskrá UMFÍ og ÍSÍ.

### 4. grein

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, stjórn og félagatal. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings sambandsins, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaraðild til næsta ársþings.

### 5. grein

Vilji félag ganga úr sambandinu telst úrsögn því aðeins lögmæt að samþykkt hafi verið á löglegum aðalfundi viðkomandi félags, og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSP, sem síðan tilkynnir hana á ársþingi. Eigi getur félag sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fjármunum sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Ekki er skylt að taka úrsögn viðkomandi félags gilda nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

### 6. grein

Skylt er hverju félagi að greiða til sambandsins tillag fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 16 ára og eldri, og ákveður ársþing upphæð þess hverju sinni. Gjaldldagi er 1. desember og skal aðildarfélagum gefinn kostur á að uppfæra félagatöl fyrir þann tíma. Nú gerir félag engin skil til sambandsins þrjú ár samfellt. Hefur þá ársþing heimild til að vísa því félagi úr sambandinu, enda skal stjórnin hafa aðvarað það.

### 7. grein

Ársþing skal haldið fyrir lok Aprílmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflega með minnst hálfsmánaðar fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en fjórum vikum fyrir ársþing og skulu þær kynntar aðildarfélagunum með þingboði. Hvert félag hefur að lágmarki rétt til að senda á ársþing 1 fulltrúa og að hámarki 9 fulltrúa. Hvert félag hefur rétt á einum fulltrúa fyrir hverja 30 skattskylda félaga. Hafi félag 15 eða fleiri þar umfram skal það hafa rétt til fulltrúa fyrir þá. Lögmætt er ársþing þegar mættir eru fulltrúar frá

3/5 félaganna. Fulltrúar skulu leggja fram kjörbréf frá viðkomandi félagi. Eigi má fulltrúi á ársþingi fara með nema eitt atkvæði. Allir félagar innan UMFÍ og ÍSÍ hafa málfrelsi og tillögurétt á ársþingi, en kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt.

## 8. grein

Ársþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og afgreiðir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Þingið kýs 7 menn í stjórn sambandsins: Formaður skal kosinn árlega, en þrír meðstjórnendur annað hvert ár. Einnig skal kjósa þrjá varamenn til tveggja ára. Skal einn kosinn annað árið og tveir hitt. Varamönnum skal raða í númeraröð og taka þeir sæti samkvæmt henni. Einnig skal kjósa 2 skoðunarmenn árlega og varamann þeirra. Stjórn sambandsins skiptir sjálf með sér verkum og kýs sér varaformann, ritara og gjaldkera. Hver stjórnarmaður getur, að loknu kjörtímabili, skorast undan endurkosningu til jafn langs tíma. Þá skal þingið kjósa í allar aðrar trúnaðarstöður sambandsins sem kosið er í til eins árs í senn. Kosningar skulu bundnar við uppástungur, nema ársþing ákveði annað.

## 9. grein

Stjórn sambandsins annast framkvæmd allra sambandsmála eftir ákvörðunum ársþinga og ákvæðum laga þessara. Hún annast innheimtu sambandsgjalda, tekur á móti því fé sem sambandinu áskotnast, varðveitir það og ávaxtar. Á hverju ársþingi gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum á liðnu ári, leggur fram endurskoðaða reikninga um tekjur og gjöld sambandsins og tillögu til fjárhagsáætlunar. Reikningsár er almanaksárið. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til UMFÍ og ÍSÍ samkvæmt lögum þeirra.

## 10. grein

Aukaþing skal halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömuvoru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

## 11. grein

Heimilt er stjórn sambandsins að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn. Einnig er stjórninni heimilt að ráða starfsmann á launum til sambandsins um lengri eða skemmri tíma og semja við

hann um kaup og kjör. Skyld er stjórninni að gera skriflegan samning í hvert sinn sem slík ráðning fer fram.

## 12. grein

Heimilt er að kjósa heiðursfélaga HSP og veita aðrar heiðursviðurkenningar. Stjórn sambandsins setur reglur þar um sem ársþing staðfestir.

## 13. grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingi og verði atkvæði jöfn er málið fallið. Ef tveir eða fleiri hljóta jafn mörg atkvæði til að ná kosningu skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

Lögum verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

## 14. grein

Stjórn HSP skal styðjast við eftirfarandi dagskrá:

1. Þingið sett
2. Starfsmenn þingsins kosnir
  - a) Forsetar
  - b) Ritarar
3. Kjörbréfanefnd kosin
4. Skýrsla stjórnar
5. Reikningar sambandsins
  - a) HSP
  - b) Afreksmannasjóður
  - c) Aksturssjóður
  - d) Fræðslusjóður
6. Álit kjörbréfanefndar
7. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
8. Ávörp gesta
9. Matarhlé
10. Mál lögð fyrir þingið-umræður
11. Skipan í starfsnefndir-nefndarstörf
  - a) Allsherjarnefnd
  - b) Íþróttanefnd
  - c) Fjárhagsnefnd
  - d) Laganefnd



12. Kaffihlé
- Íþróttamenn HSP verðlaunaafhending
13. Afgreiðsla mála
14. Kosningar
  - a) Formaður
  - b) Aðalmenn í stjórn
  - c) Varamenn í stjórn
  - d) Skoðunarmenn
15. Önnur mál
16. Þingslit

### 15. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi numin eldri lög sambandsins. Þannig samþykkt á 3. ársþingi HSP í Sólvangi 13. mars 2010.

Samþykkt á 3. ársþingi HSP í Sólvangi 13. mars 2010.

11. Íþróttanefnd. Ágústa spurði hvenær er íþróttagrein virk. Hver á að hafa frumkvæðið að stofnun ráða. Hverjir eru iðkendur og hverjir eru bara að leika sér. Haraldur hvatti til að ráðin væru starfsrækt þar sem það ætti við og gott væri að hafa reglur um hvernig ráðin funkeru.
12. Gunnar Sigfússon kom með tillögur frá laganefnd. Þær eru eftirfarandi:

Íþróttanefnd, tillaga nefndar.

1. Ársþing felur stjórn að skipa í uppstillingarnefnd sem skipar í ráð.
2. Ársþing felur stjórn að skipa í nefnd sem skal semja reglur um starfsemi deilda, sem í dag eru frjálsíþróttadeild og sunddeild. Þær reglur verða þá lagðar fyrir Ársþing 2011.
3. Tillaga nefndar um starfsemi ráða er svohljóðandi:
  1. Yfirstjórn HSP skal sjá til þess að ráð séu stofnuð og starfhæf innan hvernar virkrar íþróttagreinar á sambandssvæðinu. Skipað skal í ráðin á ársþingi HSP. Leitast skal við að fá fulltrúa í ráðin sem eru tilbúnir að leggja á sig þá vinnu sem seta í ráðunum krefst.
  2. Hlutverk ráðanna skal vera að stuðla að sýnilegri og markvissri samvinnu innan sambandssvæðisins í heild, leitast við að sem fjölbreyttast starf sé innan viðkomandi íþróttagreinar og skipuleggja mót heima í héraði.
  3. Ráð skulu samstanda af 3 eða 5 einstaklingum sem skipta með sér verkum.

4. Ársþing HSP ákvarðar fjármagn til ráðanna úr aðalsjóði. Ráðin skulu að öðru leyti fjármagna starfsemi sína sjálf. Skrifstofa HSP skal hafa umsjón með fjármunum ráða.
5. Ráð heyrir undir stjórn HSP sem fer með úrskurðavald. Reglum ráða má aðeins breyta á Ársþingi HSP. Tillögum um reglubreytingar skal skila til stjórnar HSP eigi síðar en 14 dögum fyrir Ársþing.
6. Markmið ráðanna er að gera íþróttina sýnilega, virkja iðkendur, gefa einstaklingnum tækifæri á að iðka sína sérgrein og tengjast öðrum einstaklingum á sama áhugasviði og ná fram góðri samvinnu á félagssvæði HSP.
7. Ráð hafa heimild til að ráða þjálfara í samráði við yfirstjórn HSP.
8. Ráð geta sótt um til stjórnar að stækka starfsemi sína og starfa þá eftir reglum deilda.

Samþykkt á 3. ársþingi HSP í Sólvangi 13. mars 2010.

### 13. Fjárlaganefnd.

## Fjárhagsáætlun 2010

Tekjur:	Áætlun 2008	Rekstur 2008	Áætlun 2009	Rekstur 2009	Áætlun 2010
Skattar félaga	#		850.000	2.800 <sup>92</sup>	900.000
Styrkir Sveitarfél.	#		3.000.000	95.315 <sup>2.7</sup>	300.000 <sup>2.</sup>
Önnur framlög	#		350.000	32.500 <sup>1.0</sup>	500.000
Lottó	#		3.400.000	07.943 <sup>4.2</sup>	000.000 <sup>4.</sup>
Dagatöl	#		600.000	7.500 <sup>90</sup>	900.000
Ýmsar tekjur	#		250.000	5.795 <sup>31</sup>	500.000
Getraunir	#		270.000	7.413 <sup>30</sup>	300.000
Vextir	#		60.000	3.018 <sup>6</sup>	70.000
Útbreiðslustyrkur	#		200.000	8.589 <sup>27</sup>	200.000
Mí mót	#		-	-	500.000
Æfingargj./Skrán.	#		1.500.000	91.369 <sup>2.3</sup>	000.000 <sup>2.</sup>
Sölustarf	#		500.000	9.344 <sup>10</sup>	100.000
<b>Samtals</b>	<b>#</b>		<b>10.980.000</b>	<b>31.586<sup>13.3</sup></b>	<b>.270.000<sup>12</sup></b>
<b>Gjöld:</b>					
Stjórnunarkostn.	#		4.000.000	24.320 <sup>4.0</sup>	200.000 <sup>4.</sup>

Lottó til félaga	#		2.700.000	23.212	3.2	200.000	3.
Dagatöl	#		300.000	5.094	31	500.000	
Þjálfun frjálsar	#		1.500.000	94.000	1.4	500.000	1.
Bridds	#		-	-		-	
Frjálsar íþróttir	#		1.200.000	82.878	1.0	200.000	1.
Íþróttatæki	#		-	-		-	
Glíma	#		50.000	-		-	
Knattspyrna	#		-	6.930	4	20.000	
Sund	#		30.000	8.675	5	50.000	
Skák	#		-	-		-	
Ýmis kostnaður	#		40.000	-		40.000	
Bikarmót	#		400.000	-		250.000	
Afreksm.sjóður	#		-	-		-	
Landsmót	#		-	7.818	41	225.000	
Vörukaup	#		400.000	9.968	11	120.000	
Afskrifað	#		-	-		-	
Vextir/þjónustugj.	#		300.000	9.155	33	25.000	
Fræðslusjóður	#		-	-		120.000	
Eignayfirfærslur				15.125	2.6		
Afskriftir upps.				34.187	2.7	250.000	
<b>Samtals:</b>	<b>#</b>		<b>10.920.000</b>	<b>71.362</b>	<b>16.4</b>	<b>.700.000</b>	<b>11</b>
<b>Hagnaður/Tap</b>	<b>#</b>		<b>60.000</b>	<b>-</b>	<b>3.139.776</b>	<b>570.000</b>	

Tillaga um að ítreka það, sem fram hefur komið, um að herja á sveitarfélögin

að ná inn meiri styrkjum og helst þannig að hægt sé að reka heilt stöðugildi starfsmanns HSP.

Haraldur kom með ábendingu að breyta uppsetningu ársreikninga, gera þá skiljanlegri. Linda sagði frá því að Völsungur væri með þessa uppsetningu sem UMFÍ væri að nota núna og gjaldkeri HSP væri að fara að skoða hjá henni svo sú vinna er komin af stað.

Það hafði gleymst í tillögu frá HSP að hafa upphæð í Fræðslusjóðnum og var það lagað og sett 120þús í áætlun 2010.

Það var bætt við 20þús fyrir verðlaunapeninga í héraðsmótum í knattspyrnu.

Arnór Erlingsson hvetur til meiri driftar hvað varðar ársreikninga t.d. til að skoðunarmenn hafi meiri tíma til að fara yfir fyrir ársþing en hafa þetta ekki alltaf á síðasta snúningi.

Fjárhagsáætlun er samþykkt á 3. ársþingi HSP í Sólvangi 13. mars 2010.

11. Ársþing Héraðssambands Þingeyinga haldið í Sólvangi 13. mars 2010 þakkar þeim fjölmörgu einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum sem styrktu starfsemi sambandsins með einum eða öðrum hætti á árinu 2009.

Tillaga samþykkt á 3. ársþingi HSP í Sólvangi 13. mars 2010.

12. Anna Rúna þakkaði fyrir gullmerkið og hugsaði til liðinna ára í starfi sínu innan sambandsins.
13. Kosningar. Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða og er eftirfarandi:

### **Formaður í kjöri til eins árs ( 2010 )**

Jóhanna Kristjánsdóttir Geisla

### **Stjórnarmenn í kjöri til tveggja ára 2009:**

Ágústa Ágústsdóttir Leifi heppna

Gunnar Sigfússon Eflingu

Ingvar Helgi Kristjánsson Bjarma

### **Stjórnarmenn í kjöri til tveggja ára 2010:**

Halldóra Gunnarsdóttir Ungmennafélagi Langnesinga

Birkir Jónasson Völsungi

Erla Bjarnadóttir Völsungi

**Varamaður í kjöri ( 2009 ) til tveggja ára:**

Hörður Þór Benónýson Eflingu

Linda Margret Baldursdóttir Völsungi

**Varamenn í kjöri ( 2010 ) til tveggja ára:**

Hermann Aðalsteinsson Skákfélaginu Goðanum

**Skoðunarmenn reikninga:**

Kristján I. Jóhannesson Bjarma

Jón Óskarsson Bjarma

**Til vara:**

Guðmundur S. Héðinsson Leifi heppna

14. Arnór bauð nýja stjórn velkomna og þakkaði fyrir sig. Gott að einhver niðurstaða náðist með niðurstöðu fundarins og þau málefni sem lágu fyrir þinginu.
15. Sveinn kom í pontu og talaði um að formenn þyrftu að standa sig í að opna tölvupóstinn sinn og vera duglegri að koma upplýsingum til félaganna.
16. Þingið sendir hlýjar kveðjur til Kristjáns Yngvasonar sem er að fara í erfiða hjartaaðgerð á næstu dögum.
17. Elísabet Gunnarsdóttir bennti á að það þyrfti að vera betri uppfærsla á heimasíðu sambandsins.
18. Halldóra sagði frá því að starfsípróttirnar á Landsmóti vantaði bakland í héraði. Það verður starfsípróttaping á vegum UMFE á Akureyri 24.apríl n.k. sem fjallar um þetta mál og er öllum velkomið að mæta sem hafa áhuga á þessum flokki.

19. Viðar óskaði nýrri stjórn velfarnaðar. Hvatti fólk til að nýta sér fræðslusjóðinn og þau námskeið sem eru í boði bæði hjá ÍSÍ og UMFÍ. Eins benti hann á að þessi námskeið væru öllum opin ekki bara þjálfurum heldur líka foreldrum og iðkendum.

Þó að liggi allt þingsins þrjál

Þungt á félagssálinni

Til líkta nú öll lífsins mál

Eru leidd á klósettskálinni.

20. Nýr formaður HSP kom í pontu til að slíta þingi. Hún sagðist ætla að efla grasrótina og vera ekki að einblýna á yfirstjórnir og bíða eftir skipunum þaðan. Efla ungmennafélagsandann.
21. Íþróttamenn ársins: Glíma: Bjarni Þór Gunnarsson. Sund: Valdís Jósefsdóttir. Knattspyrna; Elvar Aðalsteinsson. Frjársar: Hafdís Sigurðardóttir. Íþróttamaður ársins: Bjarni Þór Gunnarsson.